



Reglur um sölu eigna í eigu Grímsnes- og Grafningshrepps

Markmið þessara reglna er að skýra hvernig staðið er að sölu eigna í eigu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Almennar reglur og viðmið;

1. Ákvörðun um sölumeðferð eigna er hjá sveitarstjórn sem staðfestir sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess, skv. 58. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.
 - a. Sveitarstjórn samþykkir tilboð í sölu eigna.
 - b. Sveitarstjórn getur ákveðið að verð skuli vera fastákveðið eða ákveðið lágmarksverð með útboðsfyrirkomulagi.
2. Framkvæmd sölu eigna er í höndum sveitarstjóra. Þegar íbúðir losna vegna uppsagnar leigjanda á húsaleigusamningi skal sveitarstjóri meta og skoða hvort setja skuli íbúðir í sölu eða fella undir önnur úrræði. Sveitarstjóri hefur samband við fasteignasölu og skal sala fasteigna og lóða fara í gegnum löggiltan fasteignasala. Sé um sölufarli skráðra bifreiða skal sala fara í gegnum bílasala. Sala á öðrum eignum má fara fram í gegnum heimasíðu Grímsnes- og Grafningshrepps og með öðrum þeim hætti sem eðlilegt verður talið hverju sinni og verður hluturinn seldur þeim sem hæsta verð býður.
3. Sveitarfélagið lánar ekki hluta kaupverðs hins selda heldur fjármagnar bjóðandi kaupverð með eigin fé og/eða fyrirgreiðslu frá lánastofnunum.
4. Eignir í eigu sveitarfélagsins skulu seldar í því ástandi sem þær eru að undangenginni auglýsing og skulu líða 14 dagar frá því auglýsing birtist þar til tilboðum er svarað. Tilboðum í fasteignir og lóðir verður svarað eftir fyrsta sveitarstjórnarfund frá því að tilboð var gert.
5. Mat á tilboðum í fasteignir og lóðir skal byggt á verðmati fasteignasala og skulu tilboð koma í gegnum fasteignasölu. Mat á tilboðum í bifreiðar skal byggt á verðmati bílasala og skulu tilboð koma í gegnum bílasölu. Sveitarstjóri hefur umboð til að hafna tilboðum og gera gagntilboð í samráði við sveitarstjórn.
6. Ákvörðun um sölu íbúða, sem byggist á uppsögn Grímsnes- og Grafningshrepps, skal samþykkt af sveitarstjórn.
7. Nú hefur leigjandi búið í tvö ár eða lengur í íbúð í eigu sveitarfélagsins og öðlast hann þar með kauprétt að íbúðinni ef sveitarfélagið ákveður að selja íbúðina við lok leigutímans eða við uppsögn á leigusamning samkvæmt húsaleigulögum. Kaupréttur verður virkur ef leigusamningi er sagt upp í samræmi við ákvæði húsaleigulaga. Skal þá sveitarfélagið gefa leigjanda kost á að kaupa íbúðina á verðmati löggilts fasteignasala, sem sveitarfélagið aflar á sinn kostnað. Náist ekki samningar skal íbúðin auglýst á hefðbundinn hátt og nýtur leigjandi þá ekki forkaupsréttar eða annars réttar í sölufarlinu umfram aðra tilboðsgjafa.
8. Kauptilboð fyrir sölu fasteigna, lóða og bifreiða skulu lögð fyrir sveitarstjórn til samþykktar. Sveitarstjóri getur selt aðrar eignir án staðfestingar sveitarstjórnar.



- a. Að uppfylltum ofangreindum skilyrðum áskilur sveitarstjórn sér rétt að taka hvaða tilboði sem er og hafna hvaða tilboði sem er með heildarhagsmuni sveitarfélagsins að leiðarljósi.

Reglur þessar voru samþykktar á 529. fundi sveitarstjórnar þann 6. júlí 2022 og taka þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppur, 6. júlí 2022

sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps